

Að endingu verður ráðgjafinn að óska sjer í tje látna þóknanlega skýrslu 128 yðar um, hvað gjört hafi verið gagnvart embættismönnum þeim, sem, að því er 17. ágúst ofan nefnt brjef yðar ber með sjer, hafa með öllu vanrækt að fullnægja fyrir-mælum þeim, sem lög 16. septbr. 1893 lögðu þeim á herðar.

**Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um synjun konungsstaðfest- 129 ingar a lagafrumvarpi um undirbúning verðlagsskráa.** — Með þóknanlegu brjefi, 17. ágúst dagsettu 24. okt. f. á., hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp, sem upp hafði verið borið af þingmanna hálfu og samþykkt á alþingi s. á. um undirbúning verðlagsskráa. Hafði þjer, eptir að hafa látið í ljósi það álit yðar, að breytingar þær á hinu núverandi fyrirkomulagi, er frumvarpið fer fram á, væru til bóta og haganlegar, engu að síður lagt það til, að synjað yrði um staðfesting á frumvarpinu vegna galla, er þjer bendið á, að sje á ákvæðum 1. greinar um samsetning nefnda þeirra, er þar ræðir um, en að lagt yrði fyrir næsta alþingi frumvarp sama efnis, þar sem bætt væri úr hinum ádur nefnda galla. Ráðaneytið, sem einnig hlýtur að vera þeirrar skoðunar, að vöntun á reglum um það, hvernig haga skuli samsetningu nefndar þeirrar, er ræðir um í 1. gr., í hreppum, er umlykja eða heyra undir fleiri en eitt prestakall, mundi valda svo miklum erfiðleikum í framkvæmdunum, ef frumvarpið yrði að lögum, að það sje ekki fallið til þess að verða staðfest, hefir því að öllu leyti getað aðhyllzt til-lögur yðar, og í allra-þegnsamlegustum tillögum sinum um málið lagt það til, um leið og það hefur áskilið sjer rjett til að leggja breytt frumvarp fyrir næsta alþingi, að frumvarpi því, er nú liggur fyrir yrði synjað um konungsstaðfesting, og hefur hans hátign konunginum 14. þ. m. allra mildilegast þóknast að samþykkja þá tillögu.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbein-ingar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna ásamt ádur nefndu brjefi yðar\*, sbr. ráðgjafabrjef 27. maí f. á.

---

hljótist þar af nein vandkvæði, og þó að lagafrumvarpið sje í sumum öðrum atriðum miður heppilega orðað, verð jeg eigi að síður að vera þeirrar skoðunar, að ástæða sje til sakir þess, sem að ofan er tekið fram, að leggja það til, að lagafrumvarp þetta öðlist allrahæsta staðfesting.

\*) Brjef landshöfðingja:

Alþingi það, er haldið var síðastliðið sumar, hefir eptir löglegan undirbúning samþykkt frumvarp til laga, er borið var fram af þingmanna hálfu um undirbúning verðlagsskráa, og leyfi jeg mjer hjer með að senda lagafrumvarp þetta, eins það hefur verið samþykkt af þingsins hálfu, ásamt danskri þýðingu af því.

Eptir hinum núgildandi reglum, sbr. konungsúrskurði 16. júlí 1817, 2. marz 1853 og 27. febr. 1880, er undirbúning hinna árlegu verðlagsskráa hagað þannig:

Í hreppi hverjum semur hlutadeigandi hreppstjóri í kauptíðarlok skýrslu um peninga-verð vörutegunda þeirra, er sett eru á verðlagsskrár og gengið hafa kaupum og sölum það ár í hreppnum; skýrslu þessa sendir hann til sýslumanns, sem svo eptir hinum meðteknu verðlagsskýrslum setur meðalverð á hverja vörutegund í sýslunni, og sendir síðan skýrslu um þetta

## Benedikt Sveinsson, sýslumaður í Þingeyjarsýslu

**Kunngjörir:** Samkvæmt fyrirætlum laga nr. 18, 22. maí 1890, 6. gr., hefir sýslunefndin í Norður-Þingeyjarsýslu samið og samþykkt svolátandi

### Reglugjörð

um hundalækningar í Norður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skulu kosnir af hreppsnefnd 2—3 menn til að annast um lækningar hunda af bandormum.

Ásamt verðlagsskýrslum hreppstjóranna til hlutadeigandi amtmanns. Á sama hátt semja prestar, hver í sínu prestakalli, samskonar verðlagsskýrslur og senda prófasti sínum, sem svo setur meðalverð á hverja vörutegund í prófatsdæminu, og sendir skýrslu um það ásamt skýrslunum frá prestunum biskupi, og í Norðuramtinu og Austuramtinu prófasti þeim, sem í umboði biskups starfar að samningu verðlagsskráa í nefndum ómtom. Eftir hinum móttæknunum skýrslum semur svo hlutadeigandi amtmáður og biskup verðlagsskrá fyrir sýslu hverja í Suðuramtinu og Vesturamtinu og hlutadeigandi amtmáður og prófastur sá, sem biskup hefur falið slíkt, verðlagsskrá fyrir hverja sýslu í Norðuramtinu og Austuramtinu, og gildir verðlagsskrá hværrar sýslu fyrir kaupstaði þá, er liggja í sýslunni. Verðlagsskrá þessi gildir frá miðju næsta maímánaðar og til sama tíma árið eftir.

Aðalbreyting sú á framangreindum reglum, sem farið er fram á í lagafrumvarpi því, er alþingi hefir samþykkt, er falin í því, að stofnskýrslur þær, er liggja til grundvallar fyrir verðlagsskránum framvegis skuli ekki samdar af hreppstjórum og prestum, hverjum í sínu lagi, heldur af nefnd, sem í hverjum hreppi og kaupstað sje skipuð presti, formanni skattanefndar, sem í landsveitum ætíð er hreppstjórinn, en í kaupstöðum bæjarfógetinn, og manni kosnum af hreppsnefnd eða hærarstjórn, og skulu þessir þrír menn í samvinnu ár hvert í októbermánaðarlok semja skýrslu um peningagangverð í hreppnum á næstliðnu ári á vörutegundum þeim, er venja er að telja til verðlagsskráa, en verði þeir ekki á eitt sáttir um verðlagið, skal það sett eftir meðaltali skýrslna hinna 3 manna; sem fremur óverulega breyting má nefna, að stiptyfirvöldin setja verðlagsskrár fyrir allt landið, og að kostnaðurinn við prentunina, sem áður var greiddur af jafnaðarsjóðum amtanna, skuli nú greiddast af landssjóði. Loks gefur 1. gr. 1. liður lagafrumvarpsins reglur um nokkur atriði, sem hingað til hefir verið ágreiningur um.

Að minnu álitu er fyrirkomulag það, að því er snertir upplýsingar um gangverð á vörutegundum þeim, sem taldar eru til verðlagsskráa, er alþingi hefur stungið upp á, ákjósanlegra en aðferð sú er nú tíðkast, því að eigi verður því neitað, að það virðist miður heppilegt, að prestur og hreppstjóri semji hvor í sínu lagi skýrslu um gangverð, án þess að bera sig að neinu leyti saman um verðlagið, enda verður eigi allsjaldan sú raun á, að óhæfilega mikill mismunur kemur fram í þessum tveimur skýrslum á verðlagi sömu vörutegundarinnar í einni og sömu sveitinni. Einnig verð jeg að álíta að önnur ákvæði lagafrumvarpsins sjeu, þegar á allt er litið, haganlegri og miði til bóta frá því, sem nú er. En þar sem svo er ákveðið í lagafrumvarpinu, að »prestur« skuli vera meðlimur nefndar þeirrar, er skipa skal í hverjum hreppi til að undirbúa verðlagsskrár, þá er eins og alþingi hafi gleymt það, að margir hreppar eru hjer á landi, er ná yfir meira en eitt prestakall, og þar sem því fleiri en einn prestur eru búsettir, en að aptur á móti eru til fleiri hreppar, er heyra undir tvö eða fleiri prestaköll án þess, að prestur sá, er í hlut á, sje búsettur í hreppnum. Að því er til allra þessara hreppa kemur, eru ákvæði lagafrumvarpsins, að því er snertir skipun hinna umræddu nefnda, óframkvæmanleg, því að eigi inniheldur frumvarpið nein þau fyrirmæli, er skorid geti úr því, hvaða prestur eigi að sitja í nefndinni í þessum tilfellum, þegar svo hagar til.

## 2. gr.

130

Lækning allra hunda í sýslunni fer fram tvisvar á ári, í maímánuði og nóvembermánuði. Hvar og hvern dag þessara mánaða lækningin fer fram í hverjum hreppi, ákveða lækningamenn fyrir fram, og tilkynna hlutaðeigendum með viku fyrirvara. Skylt er eigendum hundanna að flytja þá á lækningastaðina.

## 3. gr.

Lækningunni skal hagað þannig, að hverjum hundi sje gefið iun 5 grömm af arekadufti eða 8 grömm af kamaladufti hrærðu út í vatni, graut, eða mjólk, og inntakan itrekuð eptir 12 tíma. Vanalega fá hundarnir klýju eptir inntökuna, en reyna verður að koma í veg fyrir að þeir selji upp fyrsta hálf tímann eptir hvora inntöku, með því að hafa af fyrir þeim, vekja hug þeirra á einhverju, láta vel að þeim eða, ef það ekki dugar, gera þá sneypa o. s. frv. Eptir 1/2 til 3 klukkutíma gengur ormurinn niður af hundinum. Meðalið sje gefið inn á fastandi maga. Lækningin stendur yfir í 24 tíma, og mega hundarnir einkis neyta þann tíma, en sjeu lokaðir inni í úthýsi, er sje þó hvorki fjárhús nje heylhaða. Þegar lokið er lækningunni, skal baða hundana úr *fjárbaði* og því næst afhenda þá eigendunum. Hús það, er lækningin hefur farið fram í, skal hreinsa vandlega á eptir, og brenna allt, er gengið hefur niður af hundunum eða grafa að minnsta kosti 2 álnir í jörð niður.

## 4. gr.

Verði vart við bandorma í einstökum hundum milli lækningatíma, skal tilkynna það lækningamönnum, og gera þeir þá ráðstafanir til að lækna þá svo fljótt sem unnt er. En eigi verða þeir hundar samt undanþegnir lækningum á hinum fyrirskipuðu tímum.

## 5. gr.

Nú valda forföll, að hundur kom eigi til lækninga, og skal húsbóndi hans, svo fljótt sem unnt er, færa hann lækningamönnum, en álitast ella hafa skotið honum undan lækningu.

## 6. gr.

Allir þeir hundar, er enginn finnst eigandi að, skulu lækningamenn annast um, að þegar sjeu drepnir.

## 7. gr.

Lækningamenn skulu hafa bók, er löggilt er af sýslumanni, skulu þeir á hverju ári rita í hana skrá yfir hundaeigendur í hreppnum og tölu þeirra

---

Galli sá, er nú hefir verið bent á, á lagafrumvarpi því, sem hjer er um að ræða, virðist mjer að hljóti að verða því til fyrirstöðu, að það öðlist allrahæsta staðfesting í þeirri mynd, sem það nú er í, en þar sem jeg, eins og tekið hefir verið fram, álit ákvæði þess, þegar nefndur galli er undanskilinn, haganlegri og greinilegri en reglur þær, sem nú er fylgt, leyfi jeg mjer að vekja máls á því, hvort ráðaneytið eigi finni ástæðu til, að leggja fyrir alþingi það, er næst kemur saman, frumvarp til laga um þetta eini, er innihaldi lík ákvæði og lagafrumvarp það, er hjer liggur fyrir, en þar sem svo sje ákveðið, að það skuli falið stípts-yfirvöldunum að gjöra út um það, hvada prestur skuli sitja í nefnd þeirri, er ræðir um í 1. grein frumvarpsins, í þeim hreppi, þar er annaðhvort enginn eða þá fleiri en einn prestur er búsettur.